

Svansvottaðar Endurbætur

Guðrún Ólafsdóttir
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars



Borgartún 27

- 1.hæð: Móttaka, skrifstofurými
- 5.hæð: Skrifstofurými
- 6.hæð: Skrifstofurými
- 7.hæð: Skrifstofurými
- 8.hæð: Matsalur, eldhús

Samtals u.þ.b. 4000 fermetrar

Gjörbreyting á flestum rýmum, ný hönnun og skipulag sem endurspeglar breytta notkun.





Mikið pláss fór undir gáma fyrir marga flokka byggingarúrgangs á afgirtu svæði sem var læst á kvöldin.


- Öll gólf flotuð, sjá mynd af steypusíló á þeim dögum sem var flotað
- Vinnulyfta sett á húsið sem náði inn á allar svalir þaðan sem allt kom innanúr húsinu og tekið niður í gámana

Margir sem leggja hönd á plóg

- Hönnuðir
- Niðurrif og förgun
- Ráðgjafi
- Sérfræðingar eftir þörfum (t.a.m. rakavarnir og loftgæði)
- Aðalverktaki
- Undirverktakar
- Þolinmóðir notendur hússins sem þurfa gott upplýsingaflæði í gegnum allan framkvæmdatíma









Umfangsmiklir þættir

- Þjálfun, sér í lagi verktaka
- Góð samvinna margra (hönnuðir, verkefnastjórar, verkstjórar og undirverktakar sem kaupa inn og/eða **hafa áhrif á efnisval**)
- Mikil samskipti við Svaninn
- Efnisval / efnissamþykktir
- Útvista sérfræðipækkingu sem er ekki til staðar, jafnvel ráðgjöf í fyrsta verkefni

Efnissamþykktir

- Viðamikið
- Mjög tímafrekt
- Álitamál, hvað fellur undir kröfur og hvað ekki?
- Nákvæmnisvinna
- Nákvæm og ítarleg skráning frá byrjun, ásamt tilheyrandi skjölun
- Skilað í lok verks. Nákvæm yfirferð við skil. Getur verið erfitt að svara til um eitthvað sem gerðist fyrir tveimur árum. Langur tími getur liðið frá verkbyrjun og til verkloka.

Birgjar / söluaðilar

- Lykilhlutverk
- Mikilvægt að setja sig inn í kröfur Svansins
 - Vottaðar vörur
 - Samþykktar vörur
 - Sækja um samþykki EFTA gera verktökum kleyft að sækja um samþykki til Svansins með því að útvega nauðsynleg/rétt gögn
- Margskonar merkingar á vörum á heimasíðum söluaðila. Hvað þýðir *græn vara*, mynd af laufblaði, *vistvænt*, *umhverfisvæn vara*? Mögulega lítil/engin þýðing fyrir Svansvottun, getur jafnvel valdið misskilningi með tilheyrandi vinnu og tíma
- Fjöldinn allur til af umhverfismerkjum, hér er eingöngu horft til merki Svansins, Bláa engilsins og Evrópska blómsins
- Góð samvinna mikilvæg varðandi efnissamþykktir

Góð ráð

- Ekki vanmeta verkefnið
- Fáðu fólk með þér og gerðu grein fyrir mikilvægi þes að allt sé unnið samkvæmt kröfum
- Allir sem koma að vöruvali og innkaupum þurfa að skilja að efnissamþykktir **taka tíma**, jafnvel vikur
- Viðmið Svansins eru á ensku, ekki gera ráð fyrir því að allir skilji vel viðmiðin eða leggi í að tileinka sér þau
- Forðast hugtakarugling frá upphafi



